



Tillögur að spurningum um blandað nám

Tillögur að spurningum um blandað nám

Þetta skjal inniheldur spurningar sem gætu nýst skólasamfélaginu þínu þar sem við veltum fyrir okkur notkun stafrænnar tækni í blönduðu námi. Ef þú vilt bæta einhverjum þessara spurninga við könnunina, geturðu afritað þær úr hlutanum „sérsníða könnun“ og límt í hlutann „staðhæfingar þínar“.

Nafn spurningar	Skólastjórnandi	Kennari	Nemandi
Árangursrík notkun námsumhverfis á netinu	<p>Það er til staðar miðlægur vettvangur á netinu þar sem nemendur geta átt samskipti við kennarana og fundið verkefni, áætlanir og úrræði í náminu</p> <p>Veldu 5, AÐEINS ef þú telur að skólinn þinn noti reglulega uppfært námsumhverfi á netinu eða skjalavinnslukerfi á skipulagðan hátt til að greiða fyrir samskiptum kennara og nemenda. Nemendum gæti verið beint þaðan á önnur forrit og námsefni</p>	<p>Miðlægur vettvangur er til staðar á netinu þar sem nemendur geta komist í verkefni sín, stundatöflur, áætlanir, gögn og geta átt samskipti við mig</p> <p>Veldu 5, AÐEINS ef þú notar reglulega uppfærð námsumhverfi á netinu eða efnisstjórnunarkerfi á skipulagðan hátt, til að hjálpa við leiðsögn og samskipti milli kennara og nemenda. Með þessum umhverfum eða kerfum er hægt að vísa nemendum á önnur forrit og námsefni</p>	<p>Skólinn er með netsvæði þar sem ég get nálgast verkefni mín, námsgögn og stundaskrá. Þar get ég átt samskipti við kennarana mína</p> <p>Veldu 5, AÐEINS ef þú telur að í skólanum þínum sé netsvæði sem er vel skipulagt og reglulega uppfært, þannig að þú getir auðveldlega fundið verkefni þín, námsgögn og stundaskrár, sem og átt samskipti við kennarana þína</p>
Tímastjórnun	<p>Í skólanum okkar læra nemendur að skipuleggja tíma sinn með hjálp stafrænnar tækni</p> <p>Veldu 5, AÐEINS ef þú telur að nemendur fái tækifæri til að læra að skipuleggja tíma sinn - bæði heima og í skóla - með því að nota stafræna tækni eins og netdagatöl eða skipulagsforrit til að halda utan um vinnu, pásur og skjátíma og halda sig að verki.</p>	<p>Í skólanum okkar læra nemendur að skipuleggja tíma sinn með hjálp stafrænnar tækni</p> <p>Veldu 5, AÐEINS ef þú telur að nemendur fái tækifæri til að læra að skipuleggja tíma sinn - bæði heima og í skóla - með því að nota stafræna tækni eins og netdagatöl eða skipulagsforrit til að halda utan um vinnu, pásur og skjátíma og halda sig að verki.</p>	<p>Í skólanum okkar lærum við að skipuleggja tímann okkar með aðstoð stafrænnar tækni</p> <p>Veldu 5, AÐEINS ef þú telur þig fá tækifæri til að læra á netdagatöl og skipulagsforrit til að skipuleggja námið þitt, pásur og skjátíma og halda þig að verki, bæði heima og í skólanum</p>

Nafn spurningar	Skólastjórnandi	Kennari	Nemandi
<p>SJÁLFSTÆÐI Í NÁMI: að biðja um aðstoð við námið</p>	<p>Í skólanum okkar læra nemendur að nota stafræna tækni til að biðja um aðstoð þegar þeir þurfa á því að halda í námi sínu</p> <p>Veldu 5, AÐEINS ef þú telur að nemendur læri að nýta stafræna tækni (tölvupóst, netspjall, umræðuinnlegg, athugasemdir) til að biðja um aðstoð við námið, t.d. hvaða tól henti við hvaða verkefni, hvernig eigi að spyrja réttu spurninganna, hverja eigi að spyrja</p>	<p>Í skólanum okkar læra nemendur að nota stafræna tækni til að biðja um aðstoð þegar þeir þurfa á því að halda í námi sínu</p> <p>Veldu 5, AÐEINS ef þú telur að nemendur læri að nýta stafræna tækni (tölvupóst, netspjall, umræðuinnlegg, athugasemdir) til að biðja um aðstoð við námið, t.d. hvaða tól henti við hvaða verkefni, hvernig eigi að spyrja réttu spurninganna, hverja eigi að spyrja</p>	<p>Í skólanum okkar lærum við að nota stafræna tækni til að biðja um aðstoð þegar við erum í vandræðum með námið</p> <p>Veldu 5, AÐEINS ef þú lærir að nota þá stafrænu tækni sem skólinn leggur til (tölvupóst, netspjall, umræðuinnlegg, athugasemdir o.s.fr.) til að biðja um aðstoð við námið: t.d. hvaða tól henti í hvaða verkefni, hverja eigi að spyrja og hvernig.</p>
<p>SJÁLFSTÆÐI Í NÁMI: að biðja um aðstoð við tæknina</p>	<p>Í skólanum okkar læra nemendur að nota stafræna tækni til að biðja um aðstoð þegar þeir lenda í vandræðum með forrit/öpp sem notuð eru í kennslu</p> <p>Veldu 5, AÐEINS ef þú telur að nemendur læri að nýta stafræna tækni (tölvupóst, netspjall, umræðuinnlegg, athugasemdir) til að biðja um aðstoð við notkun á forritum og öppum. Þetta gæti verið: hvernig eigi að lýsa vandamálinu, hvaða miðil eða leið eigi að nota, hvernig eigi að gefa til kynna alvarleikann eða hversu áríðandi málið sé.</p>	<p>Í skólanum okkar læra nemendur að nota stafræna tækni til að biðja um aðstoð þegar þeir lenda í vandræðum með þau forrit/öpp sem ég nota í kennslu</p> <p>Veldu 5, AÐEINS ef þú telur að nemendur læri að nýta stafræna tækni (tölvupóst, netspjall, umræðuinnlegg, athugasemdir) til að biðja um aðstoð við notkun á forritum og öppum. Þetta gæti verið: hvernig eigi að lýsa vandamálinu, hvaða miðil eða leið eigi að nota, hvernig eigi að gefa til kynna alvarleikann eða hversu áríðandi málið sé.</p>	<p>Í skólanum mínum læri ég að nýta stafræn tæki til að fá aðstoð þegar ég lendi í vandræðum með forrit/öpp sem notuð eru í kennslu</p> <p>Veldu 5, AÐEINS ef þú telur að þú lærir að nýta þér þá stafrænu tækni sem skólinn útvegar (tölvupóst, netspjall, umræðuinnlegg, athugasemdir) til að fá aðstoð þegar þú lendir í vandræðum með forrit/öpp sem notuð eru í kennslunni. Þetta þýðir að þú lærir að lýsa vandanum, hvaða leið á netinu sé best að nota, hvernig þú látir vita hversu alvarlegt eða áríðandi málið sé.</p>

Nafn spurningar	Skólastjórnandi	Kennari	Nemandi
<p>SJÁLFSTÆÐI Í NÁMI: Seigla</p>	<p>Í skólanum notast kennarar við stafrænar lausnir til þess að hjálpa nemendum við að takast á við áskoranir og erfiðleika í náminu</p> <p>Veldu 5, AÐEINS ef þú telur að kennarar noti stafrænar lausnir til að læra hvernig eigi að læra (t.d. hvernig eigi að tækla mistök og vinna með þau, takast á við erfiðleika, vonbrigði og streitu, skipuleggja verkefnavinnu og tímastjórnun). Dæmi eru hermilíkön (e. simulations), stafrænir leikir og net-umræður</p>	<p>Ég nota stafrænar lausnir til að hjálpa nemendum til að takast á við áskoranir og erfiðleika í náminu</p> <p>Veldu 5, AÐEINS ef þú telur að þú notir stafrænar lausnir eins og hermilíkön (e. simulations), stafræna leiki osfr. til að kenna nemendum þínum námstækni (t.d. hvernig eigi að tækla mistök og vinna með þau, takast á við erfiðleika, vonbrigði og streitu, skipuleggja verkefnavinnu og tímastjórnun)</p>	<p>Ég nota stafrænar lausnir sem hjálpa mér að takast á við áskoranir og erfiðleika sem ég mæti í náminu</p> <p>Veldu 5, AÐEINS ef þú telur að þú notir stafrænar lausnir í skólanum eins og hermilíkön (e. simulation), leiki o.fl. til að læra hvernig eigi að læra (t.d. hvernig eigi að tækla mistök og vinna með þau, takast á við erfiðleika, vonbrigði og streitu, skipuleggja verkefnavinnu og tímastjórnun)</p>
<p>Vendikennsla</p>	<p>Í skólanum okkar sjá kennarar nemendum fyrir námsefni á netinu þegar ný viðfangsefni eru tekin fyrir, svo að kennslustundin sjálf nýtist til samskipta og virkni</p> <p>Veldu 5, AÐEINS ef þú telur að kennarar sjái nemendum fyrir námsefni á netinu þegar ný viðfangsefni eru tekin fyrir (t.d. stutt kennslumyndbönd, myndbönd, hermilíkön (e. simulations), æfingar, texta, hlaðvörp og sýnikennslu) til undirbúnings, svo að kennslustundin (í skólanum og/eða í fjarnámi) nýtist í umræður, lausnaleit, verkefnavinnu o.þ.h.</p>	<p>Ég sé nemendum fyrir námsefni á netinu þegar ný viðfangsefni eru tekin fyrir, svo að kennslustundin nýtist til samskipta og virkni</p> <p>Veldu 5, AÐEINS ef þú telur að þú sjáir nemendum fyrir námsefni á netinu þegar þú leggur fyrir ný viðfangsefni (t.d. stutt kennslumyndbönd, aðrar viðeigandi upplýsingar og fjölbreytta sýnikennslu) til undirbúnings, svo að kennslustundin (í skólanum og/eða í fjarnámi) nýtist í umræður, lausnaleit, verkefnavinnu o.þ.h.</p>	<p>Kennarar mínir sjá mér fyrir námsefni á netinu þegar ný viðfangsefni eru tekin fyrir, svo ég geti undirbúið mig. Við nýtum síðan kennslustundina í umræður, hópavinnu o.þ.h.</p> <p>Veldu 5, AÐEINS ef þú telur að kennarar þínir leggi fyrir ný viðfangsefni með því að gera námsefni aðgengilegt á netinu, t.d. stutt kennslumyndbönd, upplýsingar á netinu með dæmum o.þ.h svo þú getir lært og undirbúið þig. Í sjálfri kennslustundinni (í skólanum og/eða í fjarnámi) tekurðu þátt í vinnu með bekkjarfélögum þínum (t.d. umræður og hópverkefni)</p>

Nafn spurningar	Skólastjórnandi	Kennari	Nemandi
<p>Kennarar læra að leysa úr tæknimálum</p>	<p>Við styðjum kennarana okkar við að læra að leysa úr einföldum tæknivandamálum þegar notast er við stafræna tækni</p> <p>Veldu 5, AÐEINS ef þú telur þig gefa kennurum tækifæri til að greina algeng tæknivandamál (t.d. greina vandamál við tengingar, hljóð, aðgengi að námsumhverfi á netinu) og leysa þau með því að ráðfæra sig við aðra kennara eða nemendur eða með því að nota leiðbeiningar af netinu</p>	<p>Í skólanum fáum við stuðning til þess að leysa einföld tæknileg vandamál þegar við notum stafræna tækni</p> <p>Veldu 5, AÐEINS ef þú telur að skólinn veiti þér tækifæri til að læra að greina algeng tæknivandamál (t.d. greina vandamál við tengingar, hljóð, aðgengi að námsumhverfi á netinu) og leysa þau með því að ráðfæra þig við aðra kennara eða nemendur eða með því að nota leiðbeiningar af netinu</p>	
<p>Starfsþróun innan skólans</p> <p>Tæknimál</p>	<p>Í skólanum skipuleggjum við fyrir kennarana faglega þróun í tækni sem notuð er til að styðja við blandað nám (þar á meðal netnám, dreifnám, blandað nám)</p> <p>Veldu 5, AÐEINS ef þú telur að skólinn þinn skipuleggi fyrir kennarana þjálfun í að nota forrit eins og tölvupóst, fjarfundarbúnað, námsumhverfi á netinu, veflæg verkfæri, gerð rafrænna námsgagna, skýjalausnir</p>	<p>Í skólanum skipuleggjum við fyrir kennarana faglega þróun í tækni sem notuð er til að styðja við blandað nám (þar á meðal netnám, dreifnám, blandað nám)</p> <p>Veldu 5, AÐEINS ef þú telur að skólinn þinn skipuleggi fyrir kennarana starfsþróun varðandi notkun á forritum eins og tölvupóst, fjarfundarbúnað, námsumhverfi á netinu, veflæg verkfæri, skýjalausnir</p>	

Nafn spurningar	Skólastjórnandi	Kennari	Nemandi
<p>Starfsþróun innan skólans - kennslufræðilegar áskoranir</p>	<p>Í skólanum skipuleggjum við starfsþróun fyrir kennara til að styðja þá við að byggja upp blandað nám á kennslufræðilegum grunni (þar á meðal netnám, dreifnám, blandað nám)</p> <p>Veldu 5, AÐEINS ef þú heldur að skólinn þinn sé að skipuleggja starfsþróun fyrir kennara með áherslu á kennslufræðilegar áskoranir í blönduðu námi (td hvernig á að hvetja og virkja nemendur, hvenær og hvernig á að kenna í rauntíma og ósamstilltur), hvernig á að styðja nemendur og fjölskyldur þeirra)</p>	<p>Í skólanum skipuleggjum við starfsþróun fyrir kennara til að styðja þá við að byggja upp blandað nám á kennslufræðilegum grunni (þar á meðal netnám, dreifnám, blandað nám)</p> <p>Veldu 5, AÐEINS ef þú heldur að skólinn þinn sé að skipuleggja starfsþróun fyrir kennara með áherslu á kennslufræðilegar áskoranir í blönduðu námi (td hvernig á að hvetja og virkja nemendur, hvenær og hvernig á að kenna í rauntíma og ósamstilltur), hvernig á að styðja nemendur og fjölskyldur þeirra)</p>	
<p>Samstarf kennara um námsgögn</p>	<p>Í skólanum okkar taka kennarar höndum saman við að safna saman náms- og kennsluefni á netinu sem má samnýta</p> <p>Veldu 5, AÐEINS ef þú telur að kennararnir í skólanum þínum vinni saman við að skipuleggja og búa til safn af netgögnum</p>	<p>Í skólanum tek ég þátt í að safna saman náms- og kennsluefni á netinu sem má samnýta</p> <p>Veldu 5, ef þú telur að í skólanum þínum vinnir þú með samkennurum þínum að því að safna saman náms- og kennslugögnum sem má samnýta</p>	
<p>Samnýting og endurnotkun náms- og kennsluefnis</p>	<p>Í skólanum er safn af náms- og kennslugögnum á neti sem kennararnir geta nýtt sér, bætt við, samnýtt og notað aftur</p> <p>Veldu 5, ef þú telur að í skólanum sé safn af náms- og kennslugögnum á neti sem kennararnir geta nýtt sér, bætt við, deilt og notað aftur í kennslu</p>	<p>Í skólanum er safn náms- og kennslugögnum á neti sem ég get nýtt mér, bætt við, deilt og notað aftur</p> <p>Veldu 5, ef þú telur að í skólanum þínum sé safn af náms- og kennslugögnum á neti sem við getum nýtt okkur, bætt við, samnýtt og notað aftur í kennslu</p>	

Nafn spurningar	Skólastjórnandi	Kennari	Nemandi
<p>Aðgengi kennara að tæknilegum innviðum</p>	<p>Skólinn okkar leggur til tæknilega innviði (stafræn tæki, nettenging) og að kennarar hafi greiðan aðgang að þeim</p> <p>Veldu 5, ef þú telur þig styðja kennara í að nálgast þau tæki sem þeir þurfa til kennslu með því að leggja til t.d.: tæki til að nota heima, háhraða nettengingu, aðgang að skólanum og tæknilegum innviðum hans</p>	<p>Skólinn okkar leggur til tækilega innviði til kennslu (stafræn tæki, nettengingu) og ég get nýtt mér þau hvenær sem þörf krefur</p> <p>Veldu 5, ef þú telur að skólinn þinn styðji þig í að nálgast þau tæki sem þú þarft til kennslu með því að leggja til t.d.: tæki til að nota heima, háhraða nettengingu, aðgang að skólasvæðinu og innviði</p>	